



Fundargerð hreppsnefndar 19. desember 2012

Hreppsnefndarfundur haldinn miðvikudaginn 19. des. 2012 kl. 12.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt voru Þórunn Egilsdóttir, Ásrún Jörgensdóttir, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Kristján Guðjónsson og Bárður Jónasson.

Jafnframt var mættur, sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Sundabúð, legudeild, áætluð undirskirft samninga 20. des. nk.

Lögð fram drög að samningi um þjónustu og rekstur hjúkrunarheimilisins Sundabúðar og heimahjúkrunar á Vopnafirði milli Velferðarráðuneytisins og Vopnafjarðarhrepps.

Sveitarstjóri fór yfir helstu atriði samningsins og greindi frá því að fyrirhugað væri að undirrita hann á Vopnafirði 20. des. nk. en áætlað væri að Velferðarráðherra myndi sækja Vopnafjörð heim til þess að ganga frá undirritun.

Í máli sveitarstjóra kom fram að náðst hefði ásættanleg niðurstaða í samningana og lagði hann til að sér yrði heimilað að undirrita þá fyrir hönd sveitarfélagsins. Hann gat þess þó að lagfæra þyrfti nokkur samningsatriði áður en til undirritunar yrði gengið og nefndi í þeim efnum meðferð launa- og orlofsréttinda launamanna, þegar þeir yrðu fluttir um nk. áramót frá HSA (Ríki) til sveitarfélags.

Jafnframt þyrfti að skíra línur milli aðila varðandi tiltekinn tækjabúnað, sem er í Sundabúð og mun hafa bein kostnaðar -og þjónustuáhrif, ef tekin verður þaðan við yfirfærsluna.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða með 7 atkvæðum að fela sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins, enda hefði verið gengi frá lagfæringu á þeim samningsatriðum, sem að ofan er getið.

2. mál. Málefni Lyfsölu Vopnafjarðar og bréf snyrtistofunnar Hafblikis frá 29. okt. sl.

Á fundi 22. nóv. sl., var einnig fjallað um málið

Þá var lagt fram bréf dags. 29. okt. sl. frá Jóhannesi Ásgeirssyni f.h. Snyrtistofunnar Hafblikis, varðandi smásölu á snyrtivörum og tengdum vörum. Gerð var grein fyrir þeim kröfum sem fram koma í bréfinu. Jafnframt var gerð grein fyrir samtölum sem átt hafa sér stað milli fulltrúa sveitarfélagsins og eiganda snyrtistofunnar. Fram kom að ákveðið hefur verið að funda með viðkomandi eins fljótt og kostur er.

Samþykkt var þá að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við fulltrúa fyrirtækisins.

Sveitarstjóri kynnti síðan stöðu málsins og samkomulag sem gert hefur verið um málið.

Samkomulagið er lagt fram hér til samþykktar eða synjunar hreppsnefndar. Fram kemur að þegar hefur komið upp töluverður ágreiningur um hve miklar birgðir sé um að ræða og að viðsemjandi leggi allt annan skilning í orð samkomulagsins um lágmarksbirgðir en sveitarfélagið.

Hreppsnefnd telur þannig í raun að um brostnar forsendur sé að ræða fyrir samkomulaginu.

Málið síðan rætt þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Hreppsnefnd telur ekki forsendur til þess að samþykkja samkomulagið, þar sem það setji í uppnám fyrirkomulag sem verið hefur um árabíl um lyfsölu hjá sveitarfélaginu og hefur tryggt íbúum sveitarfélagsins öruggt og stöðugt aðgengi að helstu nauðsynjum, sem almennt eru til sölu í lyfjaverslunum. Þá liggur einnig fyrir að jafnvel þó samkomulag hafi komist á, þá sé slíkur forsendubrestur að hann réttlæti riftun samkomulagsins.

Sveitarstjóra falið að tilkynna viðsemjanda um þessa afgreiðslu mála.

Sé talið að samkomulagið sé ekki þar með fallið niður, þá er sveitarstjóra veitt sjálfstæð heimild til að rifta samkomulaginu vegna forsendubrests.

Sveitarstjóra og oddvita falið að reyna að semja við viðsemjandann um málalok.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.15